

Reglur um styrki til starfsmanna í skólum Garðabæjar.

A. Reglur um styrki til starfsmanna sem stunda fjarnám á háskólastigi til leikskóla-, grunnskóla- eða tónlistarkennaraprófs samhliða starfi **eða stunda fjarnám á háskólastigi í öðru uppeldis- eða umönnunarnámi.**

1. Umsækjandi skal vera í starfi við leik-, grunn- eða tónlistarskóla Garðabæjar og hafa a.m.k. 2. ára starfsreynslu af starfi í viðkomandi starfsgrein. Umsókn um styrk skal berast mannauðsdeild Garðabæjar fyrir 1.júlí ár hvert. Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir. Fulltrúar mannauðs- og skóladeildar fara yfir umsagnir á sameiginlegum fundi og undirbúa fyrir fund bæjarráðs.
2. Umsækjandi skal skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Bæjarráð afgreiðir umsóknir um styrki fyrir 1. ágúst ár hvert.
3. Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun. Sé starfs-/vettvangsnám stundað við skóla sem Garðabær rekur fær starfsmaður greidd laun meðan á því stendur, en kjósi hann að stunda það annars staðar er það ekki launað.
4. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 ECTS eininga nám). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til mannauðsdeildar. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.
5. Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Garðabæ í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í a.m.k. sama starfshlutfalli og hann var í meðan hann naut styrks.
6. Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar.

B. Reglur um styrki til starfsmanna sem stunda viðurkennt framhaldsnám á háskólastigi í fjarnámi samhliða starfi við skóla bæjarins.

1. Umsækjandi skal vera í starfi við leik-, grunn- eða tónlistarskóla Garðabæjar. Uppfylli hann menntunarkröfur til starfs síns og hyggist leggja stund á framhaldsnám á háskólastigi getur hann sótt um styrk til slíks náms. Umsókn um styrk skal berast mannauðsdeild Garðabæjar fyrir 1.júlí ár hvert. Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir. Fulltrúar mannauðs- og skóladeildar fara yfir umsagnir á sameiginlegum fundi og undirbúa fyrir fund bæjarráðs.

2. Umsækjandi skili staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Bæjarráð afgreiðir umsóknir um styrki fyrir 1. ágúst ár hvert.
3. Styrkþegi fær 10% afslátt frá vikulegri vinnuskyldu miðað við starfshlutfall. Hjá grunnskólakennurum er átt við 10% vikulegrar kennsluskyldu en verkstjórnarþáttur er óskertur. Skilyrði fyrir afslætti eru þau að viðkomandi vinni enga kennslufirvinnu meðan afsláttur gildir. Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám (innlotur). Komi til þess að styrkþegi geti ekki lokið öllum námsseiningum í fjarnámi þarf hann að semja sérstaklega við yfirmann stofnunnar sem hann starfar hjá um hvernig haga skuli vinnuskilum á meðan á staðnámi stendur. Skólastjórnendur sem sækja framhaldsnám hafa sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu.
4. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga ECTS nám). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til mannauðsdeildar. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.
5. Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Garðabæ í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í a.m.k. sama starfshlutfalli og hann var í meðan hann naut styrks.
6. Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar
24. júní 2014

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.